


Félag kennara á eftirlaunum

# FKE-fréttir

2. tbl. 39. árg. - maí 2018



Pingvallavatn, horft frá Nesjavöllum

Mynd: Halldór Þórðarson

## *Efni: Könnun Sumarferðir o.fl.*

Sumarferðirnar eru tvær skv. venju. 18. júlí verður farin dagsferð í Bása í Þórsmörk og 27. – 31. ágúst verður farið um Jótland og Fjón.

- **Skráningar í Danmerkurferðina** verða á vegum **Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar**. Síminn þar er 520 5200 og beðið um utanlandsdeild. Þar er tekið við skráningum, en ferðin nefnist **FKE í ágúst**. Staðfestingargjald þarf að greiða innan viku frá skráningu og ljúka greiðslu í síðasta lagi átta vikum fyrir brottför.
- **Skráning í dagsferðina** verður á vef félagsins, **www.fke.is** sjá nánari lýsingu **eða hjá einhverjum stjórnarmanna**, sjá upplýsingar á baksíðu.

Hægt verður að skrá sig í ferðirnar til 10. júní n.k. Reiknað er með 40 manns í dagsferðina og til að tryggja sér þátttöku er best að greiða þátttökugjaldið. **kr. 12.000** sem fyrst inn á reikning félagsins:

>> **0313-26-004211, kennitala 421190-1359** <<

Látið koma fram fyrir hvern er greitt. **Reglan er:**

Fyrstir panta og greiða – fyrstir fá.

**Forföll** tilkynnast fljótt, svo næstir á biðlista komist í staðinn.

## Félagsstarf FKE - Könnun

Könnuninni sem gerð var fyrir á árinu er lokið og niðurstöður liggja fyrir. Á níunda hundrað félagsmanna svöruðu sem telst afar gott. Helstu niðurstöður má sjá í töflunni hér að neðan. Tuttugu og fjögur svör bárust um stofnun deilda á landsbyggðinni, sem dreifðust á landshluta, þannig að ekki virðist mikill áhugi í bili fyrir slíku starfi utan

Léttar gönguferðir .....	81
Gönguferðir tvisvar í viku .....	21
Dagsferðir að sumri .....	79
3-4 daga ferðir .....	45
Stuttar utanlandsferðir .....	82
Heimsóknir í stofnanir og söfn .....	72
Sameiginl. leikhús- og bíóferðir .....	54
Dans .....	32
Qi-Gong .....	25
Jóga .....	34
Vatnsleikfimi .....	38
Námskeið um sögu og náttúru .....	56
Tölvu- og snjallsímakennsla .....	47
Bridge .....	38
Leshringur .....	25
Bókaklúbbur eins og nú .....	20
Fundir á virkum dögum .....	61
Færa fundi af laugardögum .....	56
Samtals .....	866

höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn FKE hefur hug á að kynna starfsemi félagsins á næstunni, á Akureyri og víðar ef áhugi er fyrir hendi

Stjórnin mun fara nánar yfir niðurstöðurnar og vinna að breytingum í samræmi við niðurstöðurnar. Það verður ekki gert í einum áfanga og leitað verður til félagsmanna um að taka að sér forgöngu í einhverjum þeirra hópa sem myndaðir verða.

Nánar um þetta í haustfréttabréfi, en áhugasamir félagar gefi sig fram við stjórnarmenn ef þeir vilja taka þátt í að stýra þessari nýbreytni með okkur.

**FKE-fréttir** - *þetta tölublað* - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgafið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á [fke@fke.is](mailto:fke@fke.is).

**Allir sem eru á netpóstrá félagsins** fá blaðið sent í netpósti.

Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

## Sumarferðir FKE

- Dagsferðin verður farin í Þórsmörk 18. júlí. Lagt af stað frá BSÍ kl 9:00 stundvíslega, ekið í Bása þar sem boðið er upp á nesti. Farið í gönguferð fyrir þá sem það vilja. Ekið til baka síðdegis og komið við í Eldfjallasetrinu (Lava Center). Um kl 18:30 verður kvöldverður á Hótel Rangá. Ferðin kostar **kr 12.000**, innifalið er rúta, nesti í Básam, aðgangseyrir í Lava Center og kvöldverður á Hótel Rangá.
- [Smelltu hér](#) til að skrá þig í ferðina á fke.is.
- Í ár var ákveðið að breyta til með lengri ferðina og fara til Danmerkur. Ástæða þess er m.a. mjög hækkanði ferðakostnaður innanlands. Í samráði við Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar hefur verið skipulögð 4 náttu ferð til Billund. Fararstjóri verður Sigurlín Sveinbjarnardóttir.

### Ferðatilhögun í stórum dráttum:

- 27.08. Flogið til Billund og ekið til Skagen hvar gist er í 2 nætur.
- 28.08. Heimsókn á söfn og ekið á enda Jótlands o.fl.
- 29.08. Ekið um Jótland, til Brædstrup og gist þar 2 nætur.
- 30.08. Dagsferð á Fjón, ekið til Kerteminde og Óðinsvéa.
- 31.08. Flogið heim frá Billund, lent í Keflavík kl. 15:30.

Verð ferðarinnar er **kr 159.200** . Innifalið í verði er flug, flugvallagjöld, gisting í tveggja manna herbergi, morgunverður, kvöldverður og allur akstur samkvæmt lýsingu.

Smelltu á slóðina <http://fke.is/index.php/ferdhir> til að fá nánari ferðalýsingu.



### Skólaumbætur í deiglu

Málþing um starf og verkefni skólarannsókn- og skólaþróunardeilda menntamálaráðuneytisins í Veröld – húsi Vigdísar, laugardaginn 12. maí 2018, kl. 13.00 – 17.00. Sjáið nánar og skráið ykkur á

<http://skolathroun.is/?pageid=175>

